

# Heilsuleikskólinn Fífusalir



**Leikskólar Kópavogs  
Starfsáætlun 2024 – 2025**

**Efnisyfirlit**

1. Formáli.....	3
2. Inngangur .....	3
3. Leiðarljós leikskólans.....	3
Skólastarfið.....	3
4. Mat á skólastarfi.....	4
Innra mat leikskólans.....	4
Innra mat 2023-2024.....	5
Ytra mat.....	5
Starfsmannasamtöl .....	5
Mat barna.....	5
Umbótaáætlun .....	5
5. Áherslur í starfi leikskólans.....	6
Þróunar- og nýbreytnistarf.....	6
6. Foreldrasamstarf .....	6
Foreldraráð.....	6
Foreldrafélag .....	6
7. Starfsmannamál .....	6
Samsetning starfsmannahópsins.....	6
8. Símenntunaráætlun.....	7
Skipulagsdagar.....	7
9. Aðrar upplýsingar .....	7
Húsnæði og lóð.....	8
Skólaárið 2023 – 2024 .....	8
Ósk um viðhald skólaárið 2024 – 2025.....	8
Öryggismál.....	8
Lokaorð.....	9
10. Fylgigögn.....	9
Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun.....	9
Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun .....	9
Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal.....	9
Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs .....	9

## 1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, forráðamönnum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

## 2. Inngangur

Leikskólastarf var hefðbundið skólaárið 2023-2024, flest börn fóru í listasmiðju einu sinni í viku en ekki var fagstjóri þar eins og hefur verið. Öll börn fóru í leikvang einu sinni í viku ásamt því sem það var skipulagt hópastarf og unnið með Lubba og Blæ á öllum deildum.

Sundferðir gengu ágætlega á haustönn en því miður var innisundlaugin lokuð í tæpa fjóra mánuði vegna viðhalds á vorönn. Farið var í vettvangsferð að lágmarki einu sinni í viku á öllum deildum, bæði var farið í stuttar og lengri ferðir.

Hefðir leikskólans héldust að mestu óbreyttar.

Við fengum til okkar 5 skólaheimsóknir á skólaárinu þar sem að við höfum kynnt og sýnt okkar flotta leikskólastarf. Einnig hefur þróunarstarfið okkar til síðustu 2 ára vakið áhuga og hafa nokkrar skólaheimsóknir verið tengdar því. Við fengum stjórnendateymi frá Hraunvallaleikskóla í Hafnarfirði, verkefnastjóra frá Raufarhöfn, 3 leikskólastjóra frá ýmsum stöðum, stjórnendateymi frá skóla í Danmörku og stjórnendateymi frá skóla í Noregi í heimsókn. Skólinn frá Noregi kemur svo til með að senda alla hina starfsmenn skólans í ágúst n.k. í heimsókn til okkar.

Við fengum fjóra nema frá Danmörku sem dvöldu tveir í einu í 4 vikur, þannig að í 8 vikur vorum við með erlenda nema sem var okkur mjög lærdómsríkt.

Leikskólastarf skólaárið 2024-2025 verður með sama hætti og undanfarin ár og að auki verður lögð áhersla á að börn á sama aldursári kynnist milli deilda.

Gátlistar tengdir námsáætlunum og heilsubók eru tilbúnir en það var lokaspretturinn á þróunarverkefninu okkar sl. tvö ár.

## 3. Leiðarljós leikskólans

### Skólastarfið

Við í heilsuleikskólanum Fífusölum viljum að:

- Að börn læri sjálfstjórn og beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- Að börn fái tækifæri til að læra í gegnum leik og eigin upplifanir.
- Að börn upplifi sig í lýðræðislegu samfélagi þar sem gleði, samhygð og vinátta er höfð að leiðarljósi

### Einkunnarorð skólans:

**Virðing:** Að börnin taki tillit til hvers annars og efla þannig skilning á tilfinningum sínum, sem og annarra. Lagt er upp úr góðu trausti og samstarfi milli barna, starfsfólks, heimilis og skóla.

**Uppgötvun:** Að barnið öðlist reynslu með uppgötvun í leik án þess að kennarar gefi þeim lausnir.

Mikilvægt er að viðurkenna upplifun barnanna án þess að leggja á hann dóm. Endapunkturinn skiptir ekki máli heldur lærdómurinn sem barnið öðlast á leiðinni.

**Samvinna:** Lagt er upp úr því að börn og kennarar séu sveigjanleg, hjálpist að, vinni saman og framfylgi ákvörðunum sínum. Kennarar eru fyrirmyndir barnanna sem hvetja þau til sáttfýsi og samvinnu.

## 4. Mat á skólastarfi

### Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Fífusala eru *framfarir og líðan barna, markmið og stefna skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra*. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, matsteymi leikskólans sér um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni allra starfsmanna. Matsteymið leggur fram matsáætlun sem borin er undir stjórnendur og starfsfólk en þar eru skilgreindir þættir sem meta skal á hverju skólaári, þættir sem skoðast sjaldnar ásamt fyrir fram ákveðnum þáttum um grunnþætti menntunar.

Matsþættir	2021-2022	2022-2023	2023-2024	2024-2025
<b>Stjórnun</b>				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x	x	x	x
Stjórnun skólans og daglegur rekstur		x		x
Faglegt samstarf		x		x
Leikskólaþróun og símenntun	x	x	x	x
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
<b>Uppeldis- og menntastarf</b>				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka		x		
Námssvið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli margbreytileikans		x		x
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
<b>Mannauður</b>				
Hlutverk leikskólakennara		x		x
Fagmennska starfsfólks		x		x
Starfsánægja		x		x
<b>Leikskólabragur</b>				
Viðmót og menning		x		x
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi		x		x
Viðhorf foreldra		x		x
<b>Innra mat</b>				
Skipulag og viðfangsefni		x		x
Gagnaöflun og vinnubrögð		x		x
Opinber birting og umræður		x		x

### Innra mat 2022-2023

Unnið var úr gögnum úr starfsmannasamtölum sem tekin voru að vori notuð við vinnslu áætlunarinnar. Eins var notast við mat barna leikskólans um starf hans. Sem og lista frá menntasviði um sköpun og menningu. Einnig voru unnir gátlistar frá Heilsustefnunni.

#### Sköpun og menning

Þeir listar komu misvel út, listar fyrir 1-2 ára komu betur út en listarnir fyrir eldri börnin. Það þarf að vinna með ýmsa þætti eins og t.d. mismunandi menningu og vinna meira með tónlist. Það þarf að vera frjálsari aðgangur að ýmiskonar búnaði og leikefni. Vantar meiri tíma fyrir ró, hlusta á slökunartónlist, loka augum og hlusta á þögnina svo eitthvað sé nefnt. Það þykir þörf á að setja nokkra þætti inn í umbótaáætlun. Síðan var gerður gátlisti Heilsustefnunnar.

Gerð var umbótaáætlun fyrir 2024 – 2025, hana er að finna aftast í þessu skjali, sjá viðauka 1.

#### Gátlisti heilsustefnunnar:

Það komu allir þættir út í *alltaf eða oft* (76%-100%) en starfsfólk þarf að nýta betur frjálsa leikinn. Bæta mætti skapandi efnivið, bæði inni og úti. Einnig kom að það þarf að láta börnin hella og smyrja sjálf, það var reyndar meira áberandi á yngri gangi en eldri. Bæta mætti við hreyfingu úti og inni. Enginn fagstjóri hefur verið yfir listsköpun sl. skólaár og hafa deildir því sinnt listsköpun. Það voru nokkrar deildir sem finnst vanta fræðslu um leik og þróun leikja hjá börnunum. Grænmeti mætti vera fjölbreyttara. Það að styðjast við viðmið heilsugæslunnar varðandi svefnþörf barna hefur ekki verið á okkar vegum þar sem foreldrar bera ábyrgð á því að okkar mati.

#### Starfsmannasamtöl

Rauður þráður í starfsmannasamtölum var samskipti. Starfsmönnum finnst vera of mikið um neikvæð samskipti. Það verður sett í umbótaáætlun.

#### Mat barna

Það er alltaf jafn forvitnilegt og skemmtilegt að fara yfir mat barnanna. Þeim finnst mörgum mjög gaman að leika sér sem er mjög jákvætt. Þegar þau voru spurð að því hvað er að vera góður vinur?, kom knúsast, strjúka og passa hendur. Einn 4 ára sagði að vera góður vinur er „strjúka og svífa upp í loft „. Þau segjast læra íslensku, stafina, að hlusta og ríma. Dúkkurókurinn var vinsæll í ár ásamt því að róla, lita, kubba, leira og perla. Kennararnir fara út með okkur en þeir ráða og skamma okkur stundum. Þeir hjálpa okkur og eru góðir. Kjöttbollur, brauð og fiskur var efst á listanum hjá þeim yngri. En þegar þau verða stóra ætla þau að verða stóra systir, fimleikamaður, slökkviliðskona og álfadís. Fífusala lagið og Kalli litli kónguló hafði vinninginn á yngri gangi

#### Ytra mat

Matsteymi um gæði leikskólastarfs í Kópavogi tók til starfa haustið 2020 en tilgangur þess er að stuðla að þróun og umbótum í leikskólastarfi.

Menntasvið gerði könnun meðal starfsmanna um líðan í starfi og fleira í mars/apríl 2024, en við höfum ekki fengið niðurstöður.

#### Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um

starfiðeru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í Fífusölum er umbótamiðað og eru niðurstöður þess opinberar og má sjá í fylgiskjali 1.

## 5. Áherslur í starfi leikskólans

### Þróunar- og nýbreytnistarf

Sótt hefur verið um styrk fyrir samstarfsverkefni milli Fífusala og Salaskóla skólaárið 2024-2025 sem ber heitið *Brú milli skólastiga*. Samþykki fyrir því liggur ekki fyrir ennþá.

Markmið verkefnisins er að bæta og þróa áfram samstarf milli leik- og grunnskóla. Unnið verður að því að skapa meiri samfellu í námi nemenda á þessum skólastigum og haldið áfram að styrkja aðlögun milli skóla. Lögð verður áhersla á að auka orðaforða og vinna með tungumálið til að efla börnin í skilningi og tjáningu. Einnig verður fylgst betur með tvítyngdum börnum, málþroska þeirra og framvindu í tjáningu. Verkefnið á að byggja upp gagnkvæman skilning og þekkingu á starfi kennara beggja skólastiga sem og að auka vellíðan og öryggi barnanna þegar þau fara á milli skólastiga.

Þróunarverkefni s.l. tveggja ára er lokið formlega séð en vinnan heldur áfram, skýrsla, vinnuáætlanir og gátlistar (námsgvið og nýliða gátlistar) liggja fyrir. Stefnt er að kynna verkefnið fyrir leikskólanefnd og stjórnendum leikskóla á næsta skólaári

## 6. Foreldrasamstarf

Foreldrar/Forráðamenn eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu, mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starfi leikskólans. Samvinna foreldra og leikskóla byggist á gagnkvæmri virðingu í opnum samskiptum og er því mikilvægt að foreldrar finni fyrir vingjarnlegu viðmóti og trausti.

### Foreldraráð

Foreldraráð er starfandi í leikskólanum og fundar reglulega, um það bil einu sinni í mánuði en oftar ef þurfa þykir. Í því eru fjórir foreldrar, einn kennari og leikskólastjóri. Fundargerðir foreldraráðsins eru birtar á heimasíðu leikskólans. Markmið foreldraráðs er að styðja við starf leikskólans. Foreldraráð kemur að faglegu starfi leikskólans, les meðal annars yfir árlega starfsáætlun og skrifar umsögn. Starfsreglur og fundargerðir má finna á heimasíðu leikskólans.

### Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða. Foreldrafélagið fundar einu sinni á ári en að öðru leyti fara samskiptin að mestu leyti fram í gegnum lokaðan facebook hóp.

## 7. Starfsmannamál

### Samsetning starfsmannahópsins

Í leikskólanum Fífusölum er gert ráð fyrir 16,85 stöðugildum vegna barngilda þeirra barna sem búið er að úthluta og búið er að senda inn beiðnir vegna úthlutunar á sérkennslutímum sem jafngilda 6,25 stöðugildum vegna sérkennslu í 1. og 2. flokki. Einnig er leikskólastjóri í 100% stöðu, staða sérkennslustjóra er 75% og staða aðstoðarleikskólastjóra er 40%. Starfsmenn í eldhúsi eru 2, báðir í 100% starfi. Að auki er ákveðið starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu barna í 3. og 4. flokki.

Heildarstöðugildi leikskólans var á síðasta skólaári (2023-2024) 31,57.

Deildarstjóri er yfirmaður hvernar deildar, en aðrir starfsmenn deilda vinna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara, nema um sé að ræða starf vegna sérkennslu eða annarra sérverkefna.

Síðasta starfsár voru 17,1625 stöðugildi vegna barngilda og 5,5 stöðugildi vegna sérkennslu.

Leikskólaárið 2024-2025 munu starfa í Fífusölum auk stjórnenda, tveir leikskólakennarar með deildarstjórn, fjórir háskólamenntaðir starfsmenn með deildarstjórn, þrjú leikskólakennarar, einn þroskaþjálfari, einn þroskaþjálfari og einn háskólamenntaður starfsmaður sem deila með sér sérkennslustjórastöðu, fimm háskólamenntaðir starfsmenn og ellefu almennir starfsmenn. Þessar tölur munu breytast þegar líður að hausti.

## 8. Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsmanna. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun (sjá fylgiskjal 2) skólans og þau eru haldin á starfsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann.

### Skipulagsdagar

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru fimm á ári. Fjórdá hvert ár geta leikskólar sótt um sjötta skipulagsdaginn ef um námsferð erlendis er ræða. Skipulagsdagar verða nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfshópinn og skipulag starfsins.

1. Föstudagur 20. september
  - Farið verður yfir starfsáætlun, símenntunar og umbótaáætlun. Síðan verður byrjað á innleiðingu á nýrri námsskrá, farið yfir innleiðingu á 7-10 kafla.
  -
2. Miðvikudagur 13. nóvember
  - Þá koma Elín Guðrún og Inga Arons með fyrirlestur um leikinn, seinni hluti þessa dags fer í umræður um leikinn út frá handbók um leik barna í leikskólum sem menntamálstofnun gaf út.
3. Fimmtudagur 2. janúar
  - Kristjana Ólafsdóttir iðjuþjálfari verður með fyrirlestur um skynúrvinnslu, síðan verður Elísa Guðnadóttir ráðgjafi með fyrirlestur um erfiða hegðun og að setja mörk.
4. Miðvikudagur 12. mars
  - Elísa Guðnadóttir kemur með eftirfylgni á því sem hún lagði fyrir á s.l. fyrirlestri, setur upp hópavinnu á deildum með að setja mörk. Síðan verður unnið áfram að námsskrárgerð.
5. Föstudagurinn 16. maí
  - Fyrirlestur varðandi hreyfingu barna, það er verið að skoða fyrirlesara. Síðan verður settur endapunktur á skólanámsskrá leikskólans.

Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólkið til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði fyrir leikskólastarfið og sækja þau.

## 9. Aðrar upplýsingar

### Fjöldi barna

Næsta skólaár verða 102 börn í leikskólanum Fífusölum miðað við stöðu úthlutaðra plássna.

15 börn fædd 2019

29 börn fædd 2020

26 börn fædd 2021

24 börn fædd 2022

8 börn fædd 2023

### Dvalartímar

Miðað við hvernig dvalartími er skráður núna (skrifað í júní) þá verður staðan 1. okt. svona:

31 barn í 6 tíma vistun

26 börn í 8 tíma vistun

7 börn í 7 tíma vistun

7 börn í 7,5 tíma vistun

6 börn í 8,5 tíma vistun

26 börn verða dreifð í 5,2 -9 tíma vistun

Sérkennslutímar barna eru:

6 klst. = 4 börn

4 klst. = 2 barn

3 klst. = 4 barn

2 klst. = 3 börn

Það verða 6 börn tví- eða þrítyngd miðað við stöðu úthlutaðra plássá.

## Húsnæði og lóð

### Skólaárið 2024 – 2025

Byrjað var á endurbótum á lóð, sumarið 2024, á svæði eldri barna.

### Ósk um viðhald skólaárið 2024 – 2025

Er það sama og á síðast ári þar sem ekkert fékkst á s.l. skólaári

1. Setja upp vegg á milli matsal og listasmiðjunnar til þess að minnka hávaða sem verður til þess að svæðin nýtist betur í starfi.
2. Bæta starfsmannaaðstöðu í fataherbergi. Fá hillur fyrir starfsmannakörfur.
3. Nýjar taugardínur á yngri gangi.
4. Upphengt salerni í forsölum á yngri gangi og nýtt gólf.

## Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón.

Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti.

Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við Vís.

Skólaárið 2023-2024 voru 6 skráningar á Atvik tengdar börnum og 4 tengdar starfsfólki.

3 fallslys af börnum voru inni í húsi þar sem eitt barn hlaut skurð á höku, annað skall með höfuð í gólf og þriðja fékk sár á góm. 3 fallslys af börnum voru úti í garði þar sem eitt barn missti tönn, annað barn skall með höfuðið í stéttina og þriðja fékk skurð á höku.

2 bílslys voru skráð hjá starfsfólki en annað þeirra varð við árekstur á bílastæði á leið í vinnu þar sem 2 bílar bökkuðu út á sama tíma og annað varð á vinnutíma á bílaplani þar sem bakkað var á starfsmanninn sem var í sínum kyrrstæða bíl. Eitt slys gerðist inni í eldhúsi þegar starfsmaður brenndi sig á handlegg við að taka úr ofninum. Eitt slys varð þegar verið var að setja rafmagnstæki í samband með þeim afleiðingum að klóin sprakk svo starfsmaður fékk rafmagn í fingurna.



## Lokaorð

Þetta skólaár einkenndist af mikilli starfsmannaveltu og alltof mörgum ungum börnum, eins og var s.l. skólaár. Það sem var áskorun var stytting vinnuvikunnar og gerðum við þau mistök að leyfa of mörgum að safna upp sem kom í bakið á okkur á vorönninni þar sem starfsmenn voru einnig að klára uppsafnað orlof. Við erum mjög stolt af þróunarverkefninu okkar og er mikil tilhlökkun að halda áfram með það frábæra faglega starf sem við höfum byggt upp á s.l. tveimur árum. Við erum mjög þakklát fyrir hrós sem við fengum frá foreldri sem fór inn á vef Kópavogsbæjar undir ábendingar. Það er okkur mikilvægt að foreldrar meti það góða starf sem hér er unnið.

Þrátt fyrir frábærar breytingar hjá Kópavogsbæ varðandi lengingu á fríi starfsmanna með því að bæta styttingu við þá hafa verið mun meiri veikindi en við gerðum ráð fyrir. Álagið á vorönn var mikið vegna þessa veikinda eins þeirra sem áttu eftir að klára uppsafnaða styttingu þar sem fólk komst ekki í styttinguna sína vegna veikinda starfsmanna. Síðan var líka mikið álag þar sem ansi margir starfsmenn þurftu að klára uppsafnað orlof.

Við eigum því miður eftir að ráða í c.a. 4 stöðugildi en auglýsingar undanfarið hafa ekki gefið okkur mikið af hæfu fólki en þeir sem okkur leist vel á höfnuðu starfinu þar sem þeir höfðu fengið starf annarsstaðar. Við förum því ekki nógu bjartsýn inn í aðlögun og haustið.

Við bíðum spennt eftir að sjá hvort við fáum styrk fyrir þróunarverkefni með Salaskóla, sem myndi hafa mikil áhrif á næsta skólaár.

## 10. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun

Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

## Umbótaráætlun Heilsuleikskólans Fífusala 2024 - 2025

Viðfangsefni/Markmið	Vegna	Umbætur	Ábyrgðaraðilar	Tímarammi	Hvernig metið/Endurmat	Staða
Bæta virkni starfsfólks í útiveru	Öryggisatriði	Kynnt á skipulagsdegi í haust	Allir ábyrgir að vera meðvitaðir - Deildarstjóri með yfirábyrgð	Alltaf	Í umræðum á deildarfundum og starfsmannafundum	þarf að bæta
Finna leiki og auka við hreyfingu í útiveru	Fjölbreytni í garðinum og ýta undir hreyfingu.	Sýna frumkvæði og vera hugmyndaríkur, kynna sér lesefni sem er til	Allir ábyrgir að vera meðvitaðir	Alltaf	Fá fyrirlestur á vorönn um hreyfingu barna	þarf að bæta
Að hafa frjálsan aðgang að búnað og leikefni sem hvetur til sköpunar og vísindalegra athafna	Út frá niðurstöðum matslista sköpun og menning	Hver deild skipuleggur deildina sína með þetta í huga	Deildarstjórar	Alltaf	Metið á deildarfundum vorið 2025	Er í vinnslu
Kynna kennara persónulega fyrir foreldrum	Kynning á starfsfólki	Myndir af starfsfólki í Sway	Deildarstjórar	Í upphafi haustanna	Metið hjá skólapúlsinum 2025	Er í vinnslu
Myndir af starfsfólki á heimasíðu og í forsölum	Kynna starfsfólk fyrir foreldrum og börnum		Stjórnendateymi	Haust 2024	Endurmetið þegar nýtt starfsfólk byrjar	Er í vinnslu
Að börn og foreldrar finni fyrir öryggi í leikskólanum	Út frá niðurstöðum matslista sköpun og menning	Reyna að hafa stöðugleika í starfsmannahaldi	Stjórnendur	Skólaárið 2024-2025	Farið yfir lista aftur að loknu skólaári	Er í vinnslu
Rólegar stundir, róleg tónlist og hlusta á þögn	Út frá niðurstöðum matslista sköpun og menning	Setja inn slökunarstundir	Allir starfsmenn	Skólaárið 2024-2025	Farið yfir lista aftur að loknu skólaári	Má bæta
Að börnin geti valið sér stellingu í skapandi starfi, legið á gólfi og staðið við trönur	Út frá niðurstöðum gátlista Heilsustefnunnar	Hafa til umræðu á deildafundum	Allir starfsmenn	Skólaárið 2024-2025	Farið yfir lista aftur að loknu skólaári	Er í vinnslu

Börn tjá sig um ferlið og verkin sín í skapandi starfi	Út frá niðurstöðum gátlista sköpun og menning	Kennari skrásetji með barni, hafa tjáningarbolta í samverustund	Allir starfsmenn	Skólaárið 2024-2025	Farið yfir lista aftur að loknu skólaári	Er í vinnslu
Að börn fái tækifæri til að skoða bækur með listaverkum og vinna verkin sín með tónlist	Út frá niðurstöðum gátlista sköpun og menning	Að kennarar séu opnari fyrir fjölbreytileika í listum og sköpun	Allir starfsmenn	Skólaárið 2024-2025	Farið yfir lista aftur að loknu skólaári	Er í vinnslu
Vinna meira með tónlist og leiklist frjálst, með hljóðfæri og með aðra hljóðgjafa	Út frá niðurstöðum matslista sköpun og menning	Hlusta meira á mismunandi tónlist, nota hreyfileiki og hljóðfæri. Þulur og ljóð	Allir starfsmenn	Skólaárið 2024 - 2025	Metið á deildarfundum vorið 2025	Er í vinnslu
Fjalla um ólíka menningu barnanna	Út frá niðurstöðum gátlista sköpun og menning	Að vinna verkefni tengd fjölmenningu	Allir starfsmenn	Skólaárið 2024 - 2025	Farið yfir lista aftur að loknu skólaári	Er í vinnslu
Kynning á nýjum matseðlum		Aðalfundur foreldrafélagsins haust 2024	Stjórnendateymi	Haust 2024	Aðalfundur foreldrafélagsins	
Kynnast matarhefðum frá öðrum löndum	Út frá niðurstöðum gátlista sköpun og menning	Setja inn í matseðil	Matráður	Skólaárið 2024 - 2025	Farið yfir lista aftur að loknu skólaári	Er í vinnslu
Að bera mat fram Hafa fjölbreyttara grænmeti Sjálfs hjálp við matarborðið	Út frá niðurstöðum gátlista sköpun og menning Út frá niðurstöðum gátlista Heilsustefnunnar	Setja inn í matseðil	Matráður	Skólaárið 2024 - 2025	Farið yfir lista aftur að loknu skólaári	Er í vinnslu

Starfsmannavelta	Út frá Skólapúlsinum sem lagði fyrir könnun fyrir foreldra vorið 2023	Vanda betur til ráðninga	Stjórnendur	Skólaárið 2024 - 2025	Með foreldrakönnun Skólapúlsins 2025	Er í vinnslu
Samskipti mættu vera afslappaðri meðal starfsmanna.	Út frá starfsmannasamtölum vorið 2024	Taka ábyrgð á eigin samskiptum og viðbrögðum. Stjórnendur sýni gott fordæmi.	Allir stjórnendur	Skólaárið 2024 - 2025	Send út könnun til starfsmanna næsta vor	Er í vinnslu
Veita athygli formum og fjölda í umhverfinu	Út frá niðurstöðum matslista sjálfbærni og vísindi	Nýta vettvangsferðir vel í þetta	Allir starfsmenn	skólaárið 2022-2025	Metið í gátlista frá Menntasviði 2025	Má bæta
Hlusta á náttúruhljóð -	Út frá niðurstöðum matslista sjálfbærni og vísindi	Hlusta á náttúruhljóð í hvíld	Allir starfsmenn	Skólaárið 2022-2025	Metið í gátlista frá Menntasviði 2025	Má bæta
Læra um og vinna með endurvinnslu, flokkun og sjálfbærni	Út frá nýjum flokkunarreglum	Passa að flokka öllu sem er fargað í rétta flokka	Allir starfsmenn	Skólaárið 2022-2025	Metið á deildarfundum vorið 2025	Er í vinnslu

<b>Þátttakendur</b>	<b>Lýsing á námskeiði</b>	<b>Markmið</b>	<b>Dagsetning</b>	<b>Tímafjöldi</b>	<b>Kostnaður</b>	<b>Ábyrgð</b>
<b>Allt starfsfólk</b>	Deildafundir	Upplýsingagjöf, fræðsla og fleira	Allt skólaárið	1x í viku	Unnið í vinnutíma	Deildarstjórar / Leikskólastjóri
<b>Allt starfsfólk</b>	Starfsmannasamtöl	Til að gefa starfsmönnum tækifæri til að skoða sjálfa sig í starfi og að gefa þeim tækifæri til að koma með ábendingar til stjórnenda um starf leikskólans	vor 2025	30 mín pr. starfsmann	Unnið í vinnutíma	Deildarstjórar taka starfsmenn sinnar deildar Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri taka stjórnendateymið og annað starfsfólk
<b>Nýtt starfsfólk</b>	Nýliðafræðsla	Farið yfir starfsmannahandbók	1x mánuði	ca 45 mín í hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og fagstjóri
<b>Starfsfólk í stuðningi</b>	Samráðsfundir með sérkennslustjóra	Umræður um starfið sem og fræðsla frá sérkennslustjóra tengd starfinu.	1x í mánuði	60 mín hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Sérkennslustjóri og leikskólastjóri
<b>Fagfólk</b>	Fagfundir	Fræðilegar umræður varðandi skólanámskrá	1 x á önn	2 tímar x2 = 4 tímar	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri

Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Farið verður yfir starfáætlun, símenntunar- og umbótaáætlun, byrjað á innleiðingu nýrrar námskrár Farið yfir leiðarljós og samskiptareglur leikskólans	20.sep	8 tímar	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Deildarstjórar	Aðalfundur foreldrafélagsins	Matseðlar	Um miðjan október	2 tímar	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Fyrirlestur um leikinn og umræður út frá handbók um leik barna í leikskólum sem Menntamálastofnun gaf út	13.nóv	8 tímar	Unnið í vinnutíma Fyrirlesari ekki búinn að gefa verð	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Kristjana iðjubjálfi með fyrirlestur um skynúrvinnslu barna og Elísa ráðgjafi með fyrirlestur um erfiða hegðun	2.jan	8 tímar	Unnið í vinnutíma Fyrirlesari ekki búinn að gefa verð	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Elísa ráðgjafi með eftirfylgni frá síðasta fyrirlestri í hópavinnu á deildum Áfram unnið að námskrá Farið yfir leiðarljós og samskiptareglur leikskólans	12.mar	8 tímar	Unnið í vinnutíma Fyrirlesari ekki búinn að gefa verð	Leikskólastjóri

Deildarstjórar	Deildastjórafundir	Skapa umræður um faglega starfið og samstilling stjórnendateymis	1x í viku	2 klst hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Endurmat á vetrarstarfi og undirbúningur að sumarstarfi. Fyrirlestur um hreyfingu barna. Endapunktur á námsskrársgerð	16.maí	8 tímar	Unnið í vinnutíma Fyrirlesari ekki búinn að gefa verð	Leikskólastjóri

# Skóladagatal 2024 - 2025

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S Fullveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 L	1 L	1 Þ	1 F Verkalýðsdagurinn	1 S
2 F	2 M Skipulagð start hefst	2 M	2 L	2 M	2 F Skipulagsdagur	2 S	2 S	2 M	2 F	2 M Sjómannadagurinn
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 M Bolludagur	3 F	3 L	3 Þ
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 Þ Sprengidagur	4 F Leikfangadagur	4 S	4 M
5 M Fridagur verslunarmanna	5 F	5 L	5 Þ	5 F Rauður dagur	5 S	5 M	5 M Öskudagur	5 L	5 M	5 F
6 Þ	6 F	6 S	6 M Grænn dagur	6 F	6 M Þrettándinn	6 F Dagur leikskólans - Gestakaffi	6 F	6 S	6 Þ	6 F
7 M	7 L	7 M Heilsuvika - ávaxta-og grænmetisdagur í vikunni	7 F Lestraráttak Lubba byrjar	7 L	7 Þ	7 F Dagur tónlistarskólans	7 F	7 M	7 M	7 L
8 F Leikskólinn opnar kl. 13.00	8 S Dagur læsis	8 Þ	8 F Baráttudagur gegn einelti	8 S	8 M	8 L	8 L	8 Þ	8 F 12 ár síðan við fengum heilsufánann	8 S Hvítasunnudagur
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M	9 F	9 M Annar í hvítasunnu
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 M	10 F Mergjta dagur	10 L	10 Þ
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 Þ Dagur íslenska táknaðsins	11 Þ	11 F	11 S	11 M
12 M Gestir frá Noregi	12 F	12 L	12 Þ	12 F Jólatrið sett upp	12 S	12 M	12 M Skipulagsdagur	12 L	12 M	12 F
13 Þ	13 F	13 S	13 M Skipulagsdagur	13 F Jólatrið skreytt	13 M	13 F	13 F	13 S Pálmasunnudagur	13 Þ	13 F Gisting elstu barnanna
14 M	14 L	14 M	14 F Síðasti dagur í lestrarátaki Lubba	14 L	14 Þ	14 F	14 F Dagur stærðfræðinnar	14 M Páskafri - Skráningardagur	14 M	14 L Útskrift 2025
15 F	15 S	15 Þ	15 F Afmæli leikskólans og Lubba (16. nóv)	15 S	15 M	15 L	15 L	15 Þ Páskafri - Skráningardagur	15 F	15 S
16 F	16 M Dagur íslenskrar náttúru	16 M	16 L Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 F	16 S	16 S	16 M Páskafri - Skráningardagur	16 F Skipulagsdagur	16 M
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F Appelsínugulur dagur	17 M Blár dagur	17 M Tannverndarvika	17 F Skírdagur	17 L	17 Þ Lýðveldisdagurinn
18 S	18 M	18 F Bleikur dagur	18 M	18 M Litlu jölin	18 L	18 Þ	18 Þ	18 F Föstudagurinn langi	18 S	18 M
19 M	19 F Leikfangadagur	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 M	19 L	19 M Heilsuvika - ávaxta- og grænmetisdagur í vikunni	19 F
20 Þ	20 F Skipulagsdagur	20 S	20 M Dagur mannréttinda barna	20 F	20 M	20 F	20 F	20 S Páskadagur	20 Þ	20 F
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 F	21 M Annar í Páskum	21 M	21 L
22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 L	22 Þ	22 F	22 S
23 F	23 M Gulur dagur	23 M Afmæli Blæ - Alþjóðlegur bangsadagur	23 L	23 M Þorláksmessa	23 F	23 S Konudagur - upphaf Góu	23 S	23 M	23 F	23 M Sumarhátíð í þessari viku
24 L	24 Þ	24 F Vetrarfrí	24 S	24 Þ Aðfangadagur jóla þorra	24 F Bóndadagur - fyrsti dagur þorra	24 M Vetrarfrí	24 M	24 F Sumardagurinn fyrsti	24 L	24 Þ
25 S	25 M	25 F Vetrarfrí	25 M Piparkökubakstur	25 M Jólادagur	25 L	25 Þ Vetrarfrí	25 Þ	25 F	25 S	25 M
26 M	26 F Evrópski tungumáladagurinn	26 L Fyrsti vetrardagur	26 Þ Piparkökubakstur	26 F Annar í jölum	26 S	26 M	26 M Fjölubíur dagur	26 L	26 M	26 F
27 Þ	27 F	27 S	27 M Piparkökubakstur	27 F Jólafri - skráningardagur	27 M	27 F	27 F	27 S	27 Þ	27 F
28 M	28 L	28 M	28 F Piparkökukaffi	28 L	28 Þ	28 F	28 F	28 M	28 M	28 L
29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M			29 L	29 Þ	29 F Uppstigningardagur
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M Jólafri - skráningardagur	30 F			30 S	30 M	30 M
31 L		31 F		31 Þ Gamliársdagur	31 F			31 M		





Kópavogur, 12.08.2024

## Umsögn Foreldraráðs Fífusala vegna starfsáætlunar fyrir skólaárið 2024-2025

Foreldraráð Fífusala hefur farið yfir starfsáætlun heilsuleikskólans Fífusala fyrir árið 2024-2025. Foreldraráðið lýsir yfir ánægju með starfsáætlunina og samþykkir hana. Starfsáætlunin er vel sett upp, skýr og hnitmiðuð og á það einnig við um fylgiskjölin; umbótaáætlun og símenntunaráætlun.

Unnið er gott og faglegt starf í Fífusölum. Innra mat er ítarlegt og tekið er til greina það sem betur má fara og þær athugasemdir eru settar upp sem skýr markmið í umbótaáætlun.

Skipulagsdagarnir eru vel skipulagðir fram í tímann og stuðla þeir að góðri símenntun allra starfsmanna með fyrirlestrum fagmanna um mikilvæg málefni.

Það er ljóst að stjórnendur Fífusala eru metnaðarfullir og endurspeglast það í starfsáætluninni.

Fyrir hönd foreldraráðs Fífusala,

Kristján Helgi Bryde